

Miðvikudaginn 5. nóvember 1947.

Nr. 47/1947. Réttvísir og valdstjórnin

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Níelsi Jóni Hannessyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum. Líkamsáverkar.
Almannahætta.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, varðar við 167. gr. sbr. 165. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Svo varðar það og við 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk þeirra ákvæða bifreiða- og áfengislaganna, sem greind eru í héraðsdómi. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald.

Samkvæmt 39. gr. sbr. 20. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Niels Jón Hannesson, sæti varðhaldi þrjá mánuði.

Hann er sviptur ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Sératkvæði hæstaréttardómaranna
Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar.**

Við teljum, að í stað 167. sbr. 165. gr. lága nr. 19/1940 varði brot ákærða við 1. mgr. 168. gr. og 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðu dómsins.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. desember 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 4. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af settum sakadómara, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3761/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Nielsi Jóni Hannessyni, sem tekið var til dóms hinn 26. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Nielsi Jóni Hannessyni verkamanni, til heimilis á Kárástíg 9 hér í bæ, fyrir brot gegn XVIII., XXIII. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. apríl 1921 í Reykjavík, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1935 $1\frac{1}{10}$ Aðvörðun fyrir brot gegn 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1939 $1\frac{1}{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.

1940 $\frac{1}{2}$ Áminning fyrir að hanga aftan í bifreið.

1945 $\frac{1}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.

1946 $\frac{1}{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 $1\frac{1}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt þriðjudagsins 13. ágúst s. l. laust eftir miðnætti, var tilkynnt á lögreglustöðina, að slys hefði orðið við húsið nr. 23 við Njálsgötu hér í bæ. Lögregluþjónarnir Lárus Salómonsson, Kristinn Óskarsson og Guðmundur Helgason fóru á staðinn og komust þá að raun um, að bifreiðin R 3378 hefði þá skömmu áður runnið mannlæs niður Káratorg, er liggur upp af fyrrnefndu húsi, handan Njálsgötu, og hefði hún staðnæmzt á áðurnefndu húsi og þá rekizt á tvo vegfarendur, er þarna áttu leið um í þessu. Annar þessara vegfarenda, Viktoría Bjarnadóttir kaupkona, Miðstræti 8B hér í bæ, hlaut alldjúpan skurð á enni við það að kastast inn um rúðu í glugga verzlunarinnar Ríñar, sem er þarna til húsa, og auk þess hlaut hún við þetta taugaáfall, og lá af þessum sökum rúmföst í þrjár vikur. Hefur hún eigi náð sér til fulls enn eftir slys þetta. Hinn vegfarendinn, er fyrir bifreiðinni varð, Bjarni Hólm Sigurgarðsson, Mið-

stræti 8 B, hlaut ca. 5 cm langan skurð á hægri fót og sársauka ofan á rist og táliði sama fótar. Báðir hinna slösuðu vegfarenda voru fluttir á slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum þeirra.

Er fyrrnefndir lögregluþjónar komu á staðinn, stóð bifreiðin R 3378 upp við húsið nr. 23 við Njálsgötu, og nam framendi hennar við hlið hússins, en svo virðist eftir frásögn lögregluþjónanna og sjónarvotta að slysinu, er siðar verða nefndir, sem járn, er stóðu fram úr nefndri bifreið, hafi komið í veg fyrir, að allur framendi hennar legðist þétt upp að veggnum, heldur aðeins hafi þessi járn gert það, en milli þeirra hafi verið nokkurt bil. Auk þess hafi vatnskraní, er stóð þarna jarðfastur á gangstéttinni, dregið mjög úr ferð bifreiðarinnar, áður en hún rakst á húsið. Það var þegar augljóst, að bifreiðin myndi hafa tekið að renna niður torgið af mannavöldum, og hófu nú lögregluþjónarnir eftirgrennslan um, hver valdur myndi vera að verknaðinum. Eftirgrennslanir þeirra leiddu brátt til þess, að grunur féll á ákærða, sem vitað var um, að hefði verið mjög ölvaður þessa nótt.

Allir sjónarvottar, sem vitað er um að slysi þessu, hafa verið yfirheyrðir við rannsókn málsins, en það eru, auk þeirra sem fyrir slysinu urðu og fyrr eru nefnd, Lúðvik Valdimarsson, Laugavegi 65, Sveinn Egilsson, Njarðargötu 33, Ásgeir Sigurgarðsson Hólm, Miðstræti 8 B, og Björgvin Jónsson, Bjarnarstíg 4. Framburðir þessara vitna eru mjög í samræmi hverir við aðra. Öllum ber þeim saman um, að bifreiðin R 3378 hafi allt í einu tekið að renna niður Káratorg, og hafi engum togum skipt, þar til hún rakst á húsið nr. 23 við Njálsgötu. Hafi þetta gerzt með svo skjótri svipan, að vart hafi unnizt tími til að aðvara þau Viktoríu og Bjarna, son hennar, eftir að séð varð, að bifreiðin stefndi á þau. Hafi bifreiðin fellt þau á stóra rúðu í verzluninni Rín, og þau kastast inn úr henni, er hún brotnaði. Yfirleitt ber og vitnunum saman um, að vatnskraní, er fyrr er getið, hafi dregið úr ferð bifreiðarinnar, og enn fremur hefur vitnið Ásgeir Sigurgarðsson Hólm látið í ljós sama álit og vitnið Kristinn Óskarsson lögregluþjónn, að það hafi átt mikinn þátt í því, að ekki hlaut alvarlegra slys af, að járn, er stóðu fram úr bifreiðinni, hafi rekizt á húsið, en á milli þeirra hafi verið bil, sem þau Viktoría og Bjarni hafi, ef til vill, lent í.

Öll voru þau vitni, er áður voru nefnd, á næstu grösum við slysstaðinn, er þetta skeði, en yfirleitt hafa þau borið það við rannsókn málsins, að þau hafi ekki veitt því athygli strax, er bifreiðin tók að renna niður brekkuna, og hafi því vart unnizt tími til að aðvara þau Viktoríu og Bjarna, eftir að sýnt var, að bifreiðin stefndi á þau. Vitnið Bjarni Sigurgarðsson Hólm, sem farinn var utan til náms, er réttarrannsókn málsins hófst, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni þannig frá, að hann hafi gengið eftir nyrðri gangstétt Njálsgötu ásamt móður sinni, og hafi þau verið stödd móts við

glugga verzlunarinnar Rinar í húsinu nr. 23 við Njálsgötu, er Sveinn Egilsson kallaði til þeirra, að þau skyldu vara sig. Hafi það þá kippt í móður sína, en í þeim svifum hafi bifreiðin rekizt á þau þannig, að fót móður þess hafi festst milli hússins og bifreiðarinnar, og þau bæði kastast inn um gluggarúðuna, sem að sjálfsögðu mölbrotnaði. Vitnið kveður framvara bifreiðarinnar hafa lent á hægri fæti sínum, og hlaut það áverka af þessu, sem fyrr er lýst. Framburður vitnisins Viktoríu Bjarnadóttur er mjög í samræmi við framburð fyrrnefnds vitnis. Vitnið Viktoría hlaut þá áverka við slysið, er fyrr eru nefndir, og kvaðst það hvergi nærri hafa náð sér að fullu eftir áfallið, er það var yfirheyrt rúnum mánuði eftir að slysið skeði. Við rannsókn málsins hefur einnig verið kvaddur sem vitni Theódór Nóason verzlunarmaður, Bjarnarstíg 9 hér í bæ, en hann er eigandi bifreiðarinnar R 3378. Vitnið kveðst ekki hafa verið í bænum, er nefndur athurður skeði, en það kveðst hafa gengið úr skugga um, áður en það fór úr bænum 3—4 dögum fyrir slysið, að tryggilega hafi verið frá bifreiðinni gengið, þar sem hún stóð á Káratorgi. Hafi hún að visu verið ólæst, þar eð vitnið kveðst ekki hafa getað fengið lás á hurð hennar, en það telur, að bifreiðin hafi staðið í bak-gear og að handhemill hennar hafi verið á, og telur það hann hafa haldið örugglega. Vitnið kveður bifreiðina hafa staðið á nefndum stað oft áður, og hafi aldrei fyrr neitt komið fyrir hana þarna.

Þess skal nú getið, að bifreiðin R 3378 er gerð til vöruflutninga, og mun hún vera af þungri gerð.

Þá hafa enn fremur verið kvödd sem vitni systkini ákærða, þau Ástríður Hannesdóttir starfsstúlka, Kárastíg 9 hér í bæ, og Björgvin Kristinn Hannesson sjómaður, til heimilis á sama stað. Framburður vitnisins Ástríðar Hannesdóttur byggist á frásögn vitnisins Björgvins Kristins, og verður hann því ekki rakinn hér, en framburður vitnisins Björgvins er á þá leið, að þeir bræður, vitnið og ákærði, hafi verið að skemmta sér umrætt kvöld í Albýðuhúsinu. Hafi þeir neytt allmikils áfengis, áður en þeir fóru og eftir að þangað kom, en síðar hafi þeir keypt brennivínsflösku, en ekki kveðst það muna, hvað hún kostaði, eða af hverjum þeir bræður hafi keypt hana. Er veitingastofum Albýðuhússins var lokað um kl. 11.30 um kvöldið, kveður vitnið þá hafa ekið tveim stúlkum í leigubifreið vestur að Elliheimili. Vitnið kveður þá bræður báða hafa verið allölvaða, er hér var komið, en telur þó, að það hafi fullkomlega vítað, hvað það gerði, og muna eftir ferli þeirra bræðra. Hafi þeir síðan gengið um Káratorg á heimleið, en þá hafi ákærði allt í einu hlaupið upp í mannlauða bifreið, er þar stóð. Ekki telur það, að ákærði hafi sett bifreiðina í gang, en hún hafi, þegar eftir að hann settist upp í hana, tekið að renna undan brekkunni, og ekki staðnæmzt fyrr en hún lenti á vegfarendum og margnefndum húsvegg. Vitnið kveður ákærða

hafa hlaupið þegar út úr bifreiðinni, er hún tók að renna, og hafi hann nú horfið sjónum þess um stund. Vitnið kveðst hafa reynt að hindra ákærða í athæfi þessu, en það hafi ekki tekizt, einnig hafi tilraunir þess til að stöðva bifreiðina, eftir að hún tók að renna, engan árangur borið. Eftir slysið kveðst vitnið Björgvin Kristinn hafa farið af slysstaðnum, þar eð það taldi sig ekki geta orðið að neinu liði þar, en síðar um kvöldið kveðst það hafa átt tal við lög-regluna um þetta og einnig sagt systur þeirra ákærða frá athæfi hans. Vitnið kveður ákærða hafa afdráttarlaust neitað því fyrir því þetta kvöld, að hann væri valdur að slysinu. Það kveður ákærða aldrei fyrr hafa tekið upp á neinu svipuðu þessu, er hann hafi verið undir áfengisáhrifum, er vitnið telur hafa komið fyrir við og við áður, en bæði þessu vitni og systur þess, er fyrr er nefnd, bar saman um það, er þau voru yfirheyrð rúmlega mánuði eftir slysið, að síðan það skeði, hafi þau ekki vitað til, að ákærði bragðaði áfengi.

Ákærði hefur sjálfur skýrt frá málsatvikum í samræmi við framburð bróður hans, Björgvins Kristins, svo langt, sem hann rekur minni til, hvað gerzt hafi nefnt kvöld. En eftir að þeir bræður komu úr ferðinni vestur í bæ, sem fyrr er nefnd, kveðst hann ekki muna neitt, hvorki það, sem stóð í sambandi við það athæfi hans að láta bifreiðina renna af stað, né annað, sem á eftir gerðist. Hann hefur þó talið frásögn annarra af háttsemi sinni rétta, þótt ekki muni hann eftir henni. Ákærði kveður sig hafa verið syfjaðan, þreyttan og illa fyrir kallaðan, er hann tók að neyta áfengis þetta kvöld. Hann kveðst hafa gert nokkuð að því að neyta áfengis áður, og hafi hann þá átt til að láta illa undir áhrifum þess, en aldrei hafi hann tekið upp á neinu svipuðu þessu áður. Ákærði hefur leyfi til að aka bifreið. Húsið nr. 23 við Njálsgötu skemmdist ekki svo teljandi væri fram yfir það, er fyrr segir. Hefur nú málsatvikum verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til, byggðum að nokkru á framburði ákærða sjálfs, en að mestu leyti á framburði vitna. Ber þá næst að athuga, hvort ákærði hafi brotið þau ákvæði laga, er mál hefur verið höfðað gegn honum fyrir brot á. Með því að fást ölvaður það við bifreiðina, er jafna má til ölvunar við bifreiðarakstur, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga, telst ákærði hafa brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þá er og sannað, að ákærði hafi neytt áfengis á veitingastað, þar sem ekki var leyfi til vinveitinga, og hefur hann með því brotið 1. mgr. 17. gr. áfengislaganna, og enn fremur hefur hann með mikilli ölvun og hneykslanlegri framkomu á almannafæri brotið 18. gr. sömu laga.

Eigi verður talið, að brot ákærða sé svo alvarlegs eðlis, að það falli undir 165. gr. hegningarlaganna, sem er sú grein XVIII. kafla hegningarlaganna, sem hér kemur til álita. Eigandi bifreiðarinnar R 3378 hefur lýst því yfir, að hann óski ekki eftir, að ákærða verði

refsað fyrir nytjastuld bifreiðarinnar, ef um hann yrði talið að ræða, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákærinni um brot gegn XXVII. kafla hegningarlaga.

Þar sem þau alvarlegu meiðsl, sem rakin hafa verið, hlutust af tilverknaði ákærða, ber að heimfæra brot hans undir 219. gr. hegningarlaga. Samkvæmt þessari grein og 37. gr. 1. mgr., 38. gr. og 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Eigandi bifreiðarinnar R 3378 hefur lýst yfir, að hann geri engar skaðabótakröfur á hendur ákærða, enda skemmdist nefnd bifreið ekkert, er hún rakst á húsvegginn, og engar skaðabótakröfur hafa heldur fram komið frá öðrum aðiljum á hendur ákærða.

Sú hlið málsins, er snýr að broti Björgvins Kristins Hannessonar á 1. mgr. 17. gr. áfengisлага, hefur verið afgreidd sérstaklega með réttarsátt.

Á rekstri þessa máls hefur enginn óparfa dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Niels Jón Hannesson, sæti varðhaldi í 30 daga, og er hann sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1947.

Nr. 37/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn

Sigurði Sigurðssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Ölvun við akstur bifreiðar. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur hæstaréttar.

Atferli kærða varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk lagaákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm